

Starfshópur um fjárhagsleg málefni – Fundargerð 19. september 2016

Fundur var haldinn í starfshópi um fjármál Djúpavogshrepps að Bakka 1, Djúpavogi, þriðjudaginn 12. júlí kl. 09:00. Fundinn sátu Kári Snær Valtingojer, Sóley Dögg Birgisdóttir og Gauti Jóhannesson sveitarstjóri sem ritaði fundargerð og stjórnaði fundi.

Dagskrá var eftirfarandi:

1. Rekstrarkostnaður Grunnskóla Djúpavogs
2. Drög að 8 mánaða árshlutauppgjöri
3. Bréf frá Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga

1. Rekstrarkostnaður Grunnskóla Djúpavogs 2015

Sveitarstjóri lagði fram minnisblað með samanburði á rekstrarkostnaði á nemanda í Grunnskóla Djúpavogs í samanburði við aðra skóla á landinu með 50-87 nemendum. Samanburðurinn leiðir í ljós að rekstrarkostnaður Grunnskóla Djúpavogs stenst vel samanburð við sambærilega skóla og er þar í flestum tilvikum lægstur eða næstlægstur. Starfshópurinn lýsir yfir ánægju sinni með þessa niðurstöðu og hvetur skólastjórnendur til að gæta áfram aðhalds í rekstrinum meðan þess sé jafnfram gætt að faglegt starf og aðbúnaður líði ekki fyrir það.

2. Drög að 8 mánaða árshlutauppgjöri


Farið var yfir málaflökkayfirlit og greiningarskjöl frá KPMG vegna fyrstu 8 mánaða ársins. Samþykkt að starfshópurinn fundi fljótlega aftur þegar tími hefur gefist til að fara betur yfir gögnin.

3. Bréf frá Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga

Í bréfi dagsettu 2. september gerir Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga athugasemdir við rekstrarniðurstöðu ársins 2015 og að veltufé frá rekstri dugi ekki til greiðslu afborgana langtímalána. Nefndin kemst að þeirri niðurstöðu að sveitarfélagið standist ekki jafnvægisreglu 1. tl. 64. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og óskar eftir útskýringum sveitarstjórnar á frávikum í rekstri fyrir árið 2015 í samanburði við fjárhagsáætlun ásamt upplýsingum um fyrirhugðar aðgerðir til hagræðingar í rekstri. Starfshópurinn er sammála um að sveitarstjóri vinni drög að svari í samráði við KPMG sem kynnt verði hópnum áður en lokaútgáfa verði lögð fram.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 10:00

Gauti Jóhannesson, fundarritari


Sóley Dögg Birgisdóttir
Kön Sun Valp